

13. fundur veitustjórnar haldinn mánudaginn 3. febrúar 2020 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 17:00.

Fundinn sátu: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Elsa Ingjaldsdóttir, Bogi Pétur Eiríksson, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Umsókn um kalt vatn í sumarhúsahverfi í Dalabyggð.

Hannibal fór yfir umsókn um kalt vatn í sumarhúsahverfi í Dalabyggð í landi Reykjadal. Veitustjórn felur veitustjóra að kostnaðarmeta verkefnið og skoða þá valkosti sem í boði eru áður en frekari ákvarðanir verða teknar.

2. Kópsvatnsholan

Lögð er fyrir fundinn fundargerð stjórnar Flúðaorku ehf. Þar kemur fram að verið er að vinna að kaupum á stærri djúpdælu og einnig breytingum á útfærslu á kælikerfi virkjunarinnar. Veitustjórn telur að það þurfi að koma þessum breytingum í samningsform m.a. með tilliti til nýtingu auðlindarinnar á svæðinu. Veitustjóra og sveitarstjóra falið að vinna að samningsdrög vegna þessa.

3. Jarðhitasvæðið á Flúðum.

Hannibal fór yfir stöðu varðandi vinnu á greiningu á jarðhitakerfi Hitaveitu Flúða á Flúðum og vinnu fagaðila að málinu til að meta jarðhitakerfið og athuga möguleikana í stöðunni.

4. Skoðunarferð.

Að hefðbundnum fundarstörfum loknum fór veitustjórn og skoðaði hreinsistöð fyrir neðan félagsheimilið og búnað tengdum henni.-

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 18:00.